

Mánudaginn 24. marz 1958.

Nr. 159/1957. **Ákærvaldið** (Guðmundur Pétursson hdl.)
 gegn
Sigurbirni Inga Þorvaldssyni
 (Sveinbjörn Dagfinnsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Manndráp.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa framhaldspróf verið háð í málinu og vitni verið eiðfest, sem héraðsdómara hafði láðst að láta vinna eið að vætti sínu.

Það er sannað, að ákærði hleypti af ráðnum hug skoti úr byssu á stúlkuna Conkordíu Jónatansdóttur hinn 6. janúar 1957 í eldhúsi Garðyrkjuskóla ríkisins að Reykjum í Ölfusi, en eigi þykir verða staðhæft, að hann hafi verið fullráðinn að fremja verkið, fyrr en hann kom inn í eldhúsið, þar sem stúlkan var fyrir.

Conkordía lézt örskömmum tíma síðar af afleiðingum skotsársins. Verknaður ákærða varðar við 211. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 16 ár.

Ákvæði héraðsdóms um frádrátt á vist ákærða í gæzluvarðhaldi frá refsingu, um sviptingu réttinda og málskostnað í héraði eiga að vera öröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 6000.00 til hvors.

Það athugast, að eigi verður séð, að héraðsdómari hafi tekið í sínar vörzlor skotvopn það, sem ákærði framdi verknaðinn með.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurbjörn Ingi Þorvaldsson, sæti fangelsi 16 ár.

Öröskuð eiga að vera ákvæði héraðsdóms um frá-

drátt á vist ákærða í gæzluvarðhaldi frá refsingu, um sviptingu réttinda og málskostnað í héraði.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflytningu- og verkjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Guðmundar Péturssonar og Sveinbjarnar Dagfinnssonar héraðsdómslögmannna, kr. 6000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Árnassýslu 19. september 1957.

Ár 1957, fimmtudaginn 19. september, var í sakadómi Árnassýslu, sem haldinn var í skrifstofu embættisins á Selfossi af fulltrúa sýslumanns, Snorra Árnasyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1/1957, Ákærvaldið gegn Sigurbirni Inga Þorvaldssyni, sem dómtekið var hinn 9. þ. m.

Mál þetta er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn Sigurbirni Inga Þorvaldssyni verkamanni, til lögheimilis að Arnarbæli í Ölfusi, með ákæruskjali svohljóðandi:

Ákæruskjal. Dómsmálaráðherrann gjörir kunnugt: Að höfða ber opinbert mál á hendur Sigurbirni Inga Þorvaldssyni verkamanni við Garðyrkjuskóla ríkisins að Reykjum í Ölfusi, nú gæzlufanga í hegningarhúsinu við Skólavörðustíg í Reykjavík, fæddum 21. ágúst 1931 á Þingeyri við Dýrafjörð, fyrir að hafa kl. rúmlega 14.00 sunnudaginn 6. janúar s.l. í eldhúsi nefnds skóla skotið af riffli á stúlkuna Conkordíu Jónatansdóttur, fædda 17. október 1937, er stödd var þarna í eldhúsinu, með þeim afleiðingum, að hún beið bana af litlu síðar.

Telst brot ákærða varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 17/1940.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Í dómsmálaráðuneytinu 17. júlí 1957 (Undirskriftir).

Ákærði hefur áður sætt eftirtöldum ákærum og refsingum:
 1949 3/5 Keflavík. Sætt, 15 kr. sekt fyrir ljósleysi á reiðhjólí.
 1951 12/1 Keflavík. Sætt 100 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-
 færi.

- 1951 2/11 Keflavík. Sætt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-
færi.
- 1952 19/2 Keflavík. Sætt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-
færi.
- 1952 4/6 Keflavík. Sætt, 450 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-
færi.
- 1955 26/6 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
Atvik málsins eru þessi:

Sunnudaginn 6. janúar s.l. klukkan rúmlega 2.00 e. h. voru stödd í eldhúsi garðyrkjuskólans að Reykjum í Ölfusi ráðskona skólans, Sigurlaug Magga Guðmundsdóttir, og nemendurnir Hörður Vignir Sigurðsson og Conkordía Jónatansdóttir, er ákærði, sem var starfsmaður skólans, kom fram í eldhúsið úr borðstofunni, sem er inn af eldhúsinu, með riffil í hendinni. Hann gekk að borði, sem stendur nálægt miðju eldhúsgólfi, og spurði ráðskonuna, hversu mikla mjólk hún þyrfti og hún svaraði því. Því næst sneri hann sér að Conkordíu, sem stóð við eldavél hinum megin borðs-
ins, og sagði við hana: „Jæja, Día mín,“ lyfti riffilinum, sem hann hafði borið við hlið sér og snúið niður, beindi hann honum að Conkordíu og hleypti af. Síðan snerist hann á hæli og gekk aftur fram í borðstofuna.

Conkordía kiknaði við skotið og sagði: „Mamma mín.“ Gekk eitt eða tvö skref áfram og aftur til baka og var að hníga niður, er Hörður Vignir greip hana og lagði á eldhúsgólfið.

Læknar voru tilkvaddir, eins fljótt og auðið var, en Conkordía andaðist litlu síðar.

Sýslumaður kom á vettvang nokkru síðar og handtók ákærða. Lík Conkordíu var sent til krufningar í Rannsóknarstofu Háskólans.

Í krufningarskýrslu prófessors Nielsar Dungals segir svo:

„Ályktun: Við krufningu fannst innskotssár, ofantil á kvið. Skotið hafði farið í gegnum lifur, maga, nýra og aorta. Mikil blæðing frá skotsárinu, einkum lifur, nýra og aorta, hefur fljótt leitt til bana. Skotið hafði komið út vinstra megin við hrygg, neðan til á bakinu.“

Blóðsýnishorn var tekið af ákærða, er hann var handtekinn, og reyndust í því reducerandi efni, er samsvara 0,91% af alkóhóli. Hinn 9. janúar var ákærði fluttur að Kleppi til rannsóknar á andlegu heilbrigði hans og dvaldist hann þar í um 6 mánuði.

Verður nú rakið nokkuð samband ákærða og Conkordíu og fer-
ill ákærða dagana 3.—6. janúar:

Ákærði kom að Reykjum sem fjósamaður haustið 1955 og vann þar næsta vetur. Sumarið 1956 var hann kaupamaður að Arnarbæli í Ölfusi, en fór aftur að Reykjum 20. september 1956 og tók við fyrra starfi sínu þar.

Conkordía kom að skólanum að Reykjum sem nemendi um páska 1956. — Ákærði og Conkordía kynntust nokkuð um vorið, en ekki náði. Er ákærði kom aftur að Reykjum um haustið, hófust kynni þeirra að nýju og urðu mjög nán. Af dagbókum Conkordíu, sem lagðar hafa verið fram í málinu, og framburði ákærða kemur fram, að samkomulagið hafi verið skrykkjótt og hún óákveðin, hvort halda skyldi sambandinu áfram. Í bréfi, sem hún skrifar systur sinni 23. nóvember, getur hún þess, að ákærði hafi beðið hana að opinbera á jólunum. Í nóvemberlok tók ákærði inn lýsól í þeim tilgangi að fyrirfara sér, að eigin sögn, en náði sér fljótlega. Hafði hann þá verið undir áfengisáhrifum í nokkra daga. Eftir þetta drakk hann ekki áfengi þangað til 3. janúar s.l., en þann dag fékk hann frí frá störfum, fór til Keflavíkur og drakk þar áfengi með kunningjum sínum. Síðan hélt hann til Reykjavíkur og keypti þar 4—5 flöskur af áfengi. Hann hafði ætlað að hitta Conkordíu í Reykjavík, en hún hafði farið þangað á nýjárstag. Í Reykjavík hringdi hann til Hveragerðis og frétti, að hún væri komin þangað. Fór hann síðan til Hveragerðis. Um kvöldið dvaldi hann með Conkordíu og Sigurlaugu Möggu hjá vinkonu þeirra í Hveragerði fram yfir miðnætti. Ákærði var með fulla ákavítisflösku og háflösku af koníaki, er hann dreypti á um kvöldið. Vitnum ber saman um, að ákærði hafi verið lítið drukkinn. Á heimleiðinni skilur Sigurlaug við þau, og fer Conkordía með ákærða og er hjá honum í herbergi hans um nóttina og fram yfir hádegi næsta dag, en hann hafði herbergi í svokölluðu Rauða húsi, er stendur nokkuð frá skólanum.

Föstudaginn 4. janúar vann ákærði ekki og hélt sig inni við fram eftir degi. Hann kveðst hafa byrjað að drekka áfengi kl. 4—5 um daginn. Nokkru fyrir kvöldmat hitti hann þá Hörð, Vigni og Hilmar Loga, nemendur skólans, settist með þeim inn á Hótel Hveragerði og veitti þeim áfengi fram að kvöldmat og var drukkinn heil koníaksflaska. Síðan fór ákærði niður í Arnarbæli, en kom heim í skólann um kl. 11.00 um kvöldið. Þar settist hann að drykkju með þeim Hilvari Loga og Herði Vigni, og sátu þeir yfir henni þar til klukkan um 4 um nóttina, að ákærði fór heim á leið. Á heimleiðinni ákvað hann að fara til herbergis

Conkóríu, en hún bjó ein í herbergi í húsi skammt frá skóla-húsinu og var sérinngangur að herbergi hennar. Herbergið var ólæst og Conkordía sofandi, er hann kom inn. Er ákærði kom í herbergið, varð þeim sundurorða. Ákærði sýndi henni töluverða hörku. Hún talaði um, að hún ætlaði að hætta að vera með honum og hætta að umgangast hann. Bar hún því við, að hann væri svo óreglusamur, að ekki væri hægt að vera með honum. Hún jafnaði sig nokkuð, þannig að hún hætti að vera hrædd við ákærða, en var stöðugt að tala um, að sambandi þeirra yrði að vera lokið. Ákærði dvaldi síðan í herbergi hennar til morguns. Ákærði neitar því eindregið að hafa beitt Conkordíu nokkru líkamlegu ofbeldi, svo á henni sæi né hótunum. Conkordía sagði hins vegar Sigurlaugu Möggu, að um nóttina hefði ákærði barið sig, hárréitt og tekið fyrir kverkar sér og hefði hún þá orðið hrædd og tekið til að gráta og hljóða. Hætti ákærði þá að misþyrma henni, en sagði, að ef hún hefði ekki farið að gráta, þá hefði hann drepit hana og nú vissi hún, hvað hún fengi, ef hún hætti að vera með honum. Sömu sögu sagði hún Herði Vigni, og hann sá plástur á hálsi hennar, er hún taldi vera til að hylja marblett, er hún hefði fengið af völdum ákærða.

Laugardaginn var ákærði heima við og sinnti fjósverkum, en vann ekkert milli mála. Hann var með víni um daginn. Hann talaði ekkert við Conkordíu þenna dag. Um kvöldið fór hann á dansleik í Hveragerði. Conkordía var þar einnig. Þau ræddust ekkert við á dansleiknum. Eftir dansleikinn fer ákærði upp í skóla, og voru þar fleiri fyrir og var setið í eldhúsinu fram eftir nóttu og eitthvað drukkitt. Seint um nóttina fór ákærði og Guðjón Björnsson, verkstjóri við Garðyrkjuskólann, heimleiðis og fylgdi Hörður Vignir þeim. Aðrir gestir voru gengnir til náða. Þeir Guðjón og Hörður Vignir skildu við ákærða við dyr Rauða hússins, en héldu síðan heim til Guðjóns, sem býr nokkru fjær, og varð Hörður Vignir þar eftir um stund. Er ákærði kom inn í húsið, ákvað hann að fara til herbergis Conkordíu. Er þangað kom, var hún ekki í herberginu, hafði ákveðið eftir atburð síðustu nætur að sofa hjá ráðskonunni og aðstoðarstúlku við skólann, en þær sváfu í herbergi inn af eldhúsi skólans. Ákærði gekk þá að glugga herbergis þeirra. Stúlkurnar urðu hræddar, héldu að ákærði ætlaði inn um gluggann til þeirra og hlupu inn í herbergi nemandans Hilmars með sængurklæði sín. Ákærði kom að glugga herbergis þessa og vildi ekki fara burtu, þrátt

fyrir tilmæli Hilmars. Loks fór Hilmar út um gluggann og átti orðaskipti við ákærða. Einnig kom út Ágúst Eiríksson, sem bjó í næsta herbergi. Eftir nokkurt þóf fór ákærði heim til sín. Klukkan rúmlega 6 kom Hörður Vignir heim og að lokuðum dyrum hjá sér, en hann bjó í herbergi með Hilmari. Er hann sagði til sín, var honum hleypt inn.

Stúlkurnar og umræddir piltar héldu síðan öll til í herberginu um nóttina. Óhugur var í fólkinu eftir þessa atburði. Ekki var annað fólk í skólahúsinu en hér hefur verið getið, utan einn maður, er svaf frammi í eldhúsi, og kemur ekki við sögu.

Ákærði svaf í um það bil klukkutíma og fór þá í fjósið. Hann varð seinn fyrir og hafði ekki lokið störfum þar fyrir en klukkan 11.00 fyrir hádegi. Klukkan að ganga 12.00 fór hann niður í Hveragerði. Fyrst fór hann til Sæmundar Guðmundssonar og bað hann að lána sér byssu. Sagði honum, að hann þyrfti að drepa kálf, sem hefði slasast. Sæmundur átti ekki byssu. Síðan fór ákærði til Jóns Eggertssonar og bað hann um að lána sér byssu til þess að lóga kálfi, sem hefði fótbrotnað hjá sér, er hann stökk út úr stíunni. Jón lánaði honum riffil sinn, sem er magasinriffill, tékkneskur. Hann lét ákærða ekki fá magasínið með, þar sem hann ætlaði aðeins að skjóta kálfinn. Ákærði bað hann að láta sig hafa 2—3 skot, og lét Jón hann hafa 3 skot. Skotin voru þýzk, stór, samsvarandi og „long“, kölluð stórgripa-skot. Er hann afhenti ákærða riffilinn, gat hann þess, að þessi skot vildu stundum festast í byssunni og verið gæti, að hann þyrfti að ná skothylkjunum úr með hníf. Hvorugt þessara vitna, Sæmundur né Jón, gátu merkt, að ákærði væri undir áfengisáhrifum.

Ákærði fór síðan upp í skóla og settist að matborði í eldhúsinu og hafði riffilinn með sér. Eftir borðhaldið settist ákærði inn í borðstofu og fór að tefla skák við Reyni Pálsson, starfsmann skólans. Riffillinn lá á meðan á borði í borðstofunni. Þeir tefldu þrjár skákir. Ákærði vann þá fyrstu, en Reynir hinar. Virtist Reyni, að ákærði hefði ekki hugann við síðustu skákina og vann hann hana auðveldlega. Ákærði hafði áfengisflösku meðferðis og saup á henni, meðan hann var að tefla. Ákærði kveðst hafa verið töluvert undir áfengisáhrifum, svefnlaus, slappur og hálfskrýtinn.

Er skákinni lauk, kveðst ákærði hafa gengið fram í gang og tekið riffilinn með sér. Vitnin Reynir og Hörður Vignir segja hins vegar, að hann hafi farið inn í snyrtiherbergi, er liggur

inn af borðstofunni, samsíða eldhúsinu. Reynir gekk inn í setu-
stofuna inn af borðstofunni til Hilmars, er lék þar á orgel, en
Hörður Vignir gekk fram í eldhús. Var borðstofan nú mannlaus.
Þeir Hörður Vignir og Hilmar Logi handfjötluðu riffilinn, meðan
ákærði tefldi og gengu úr skugga um, að hann var óhlaðinn.
Herði virtist ákærði geta verið líklegur til alls eftir atburði næt-
urinnar, og gerði ráðstafanir til þess að hann fengi ekki skot
í skólanum.

Á leiðinni fram ganginn kveðst ákærði hafa hlaðið riffilinn.
Segir hann, að eigandi riffilsins hafi sagt, að hann væri óhrein
og ætlaði ákærði að prófa hann, með því að skjóta úr honum
einu skoti. Eigandi riffilsins hefur neitað því að hafa viðhaft
önnur ummæli um riffilinn en áður greinir. Allt í einu mundi
ákærði eftir því, að hann átti eftir að spyrja ráðskonuna, hvað
hún þyrfti mikla mjólk. Hann sneri því við og fór inn í eldhús.
Því, er þar skeði, hefur áður verið lýst.

Ákærði minnst þess ekki, að hafa talað þar við annan en ráðs-
konuna. Hann segir, að þá hafi allt í einu komið yfir sig, að
hann skyldi miða byssunni á Conkordíu og hleypta af. Hann segir,
að engin hugsun í þessa átt hafi hvarflað að sér fyrr en hann
stóð þarna í eldhúsinu. Hann kveðst síðan hafa miðað óvand-
lega á Conkordíu, sem stóð nálægt eldavélinni, og hleypt af.

Ákærði gekk síðan rակleitt fram í borðstofuna og inn í setu-
stofuna, en þar sat Hilmar Logi við orgelið. Hjá honum stóð
Reynir Pálsson. Ákærði gekk út úr stofunni fram ganginn, út
og áleiðis niður túnið að húsi því, er hann bjó í. Einnig höfðu
þar herbergi Reynir Pálsson og nemandinn Sævar Magnússon,
sem um þessar mundir var fjarverandi í jólafríi.

Reynir hafði ekki heyrt skothvellinn, hljóp á eftir ákærða og
náði honum á leiðinni. Ákærði var þá að reyna að losa skothylki
úr byssunni, en tókst það ekki. Reynir reyndi einnig, en mis-
tókst. Þeir fóru til herbergis ákærða. Ákærði fékk lánaðan hníf
hjá Reyni til þess að ná skothylkinu úr byssunni og tókst hon-
um það. Síðan setti hann byssuna frá sér og lagðist upp í dívan.
Bað hann Reyni að vekja sig klukkan hálf fjögur eða fjögur.
Reynir dvaldi í herbergi sínu um hríð, unz ákærði kom þar og
var þá sparibúinn. Reynir spurði ákærða, hvort hann væri að fara
eitthvað, en hann svaraði: „Ég skaut hana Díu áðan.“ Þeir rædd-
ust síðan nokkuð við, en að lokum bað ákærði Reyni að líta
eftir húsgögnum sínum, ef þau yrðu ekki hirt. Eftir þetta héldu

þeir til hvor í sínu herbergi, unz skólastjóri og sýslumaður komu á vettvang.

Enginn kálfur reyndist fótbrotinn og ekki upplýstist, að neinn hafi verið meiddur. Ákærði segir í réttarhaldi hinn 7. janúar, að hann hafi ætlað að aflífa kálf daginn eftir að hann fékk riffilinn lánaðan. Kom þetta heim við það, að ákærði hafði orð á því við Guðjón Björnsson á laugardaginn 5. janúar, að hann ætlaði að drepa kálf á mánudaginn, vegna þess að ekkert vit væri í að ala hann lengur. Nánar aðspurður í réttarhaldi 5. apríl kannast ákærði við að hafa sagt eiganda riffilsins, að hann þyrfti að drepa hálf, sem hefði fótbrotnað. Segir hann, að kálfur hafi meiðzt á fæti um morguninn og datt honum í hug, að hann væri fótbrotinn og ætlaði að aflífa hann.

Dr. Helgi Tómasson hefur í álitserð sinni rakið æviferil ákærða nákvæmlega, og segir hann þar m. a., að ákærði hafi verið heilsulítill fram um fermingaráldur, en síðan heilsugóður.

Enn fremur segir þar: „Hann hefur neytt áfengis frá 17 ára aldri.“ „En fyrsta árið kunni hann sæmilega með vín að fara.“ „Eftir svo sem tvö ár var hann farinn að verða meira ölvaður og oftast og yfirleitt þola áfengi verr. Þó gátu liðið upp í það þrjú mánuðir, án þess að hann smakkaði það.“ „Á því ári kom fyrst fyrir, að hann neytti áfengis meira en einn dag í einu, en fleiri daga tús var þó aldrei um að ræða hjá honum fyrr en á fjórða drykkjuskaparárinu eða er hann var rúmlega tvítugur.“ „Þegar hann er undir áfengisáhrifum, hefur sjálfstílfíning hans alltaf aukizt, seinni árin hefur hann auðveldlega lent í orðadeilum og verður yfirleitt miklu örari og jafnvel ofsafenginn.“ „Andlegur þroski hans virðist hafa verið í meðallagi.“ „Hann hefur alltaf frá barnæsku verið viðkvæmur í lund, „óframfærinn“, „fáskiptinn“, „og gat ekki fylgt félögunum“. „Hann hefur a. m. k. síðan eftir fermingu verið yfirleitt heldur þunglyndur, en hversdagslega jafnlyndur, dulur og lætur ekki uppi það, sem honum mislíkar, reiðist sjaldan“. „Hann hefur ekki verið geðtruflaður, nema af áfengissökum, og um tíma, er hann hafði gulu, 13 ára gamall“.

Niðurstöður:

Sannað er með játningu ákærða og framburði vitna, að hann skaut af riffli á stúlkuna Conkordíu Jónatansdóttur og samkvæmt krufningarskýrslu prófessors Níelsar Dungals, leiddi skotsárið hana til bana litlu síðar. Ákærði hefur neitað því, að ákvörðun um að skjóta stúlkuna hafi orðið til með honum, fyrr en hann kom fram

í eldhúsið og var að tala við ráðskonuna um mjólkina. Mörg atvik benda til þess, að um fyrirframákvörðun hafi verið að ræða hjá ákærða.

Þrátt fyrir það verður ekki talið sannað gegn mótmælum ákærða, að ákvörðun um það að skjóta stúlkuna hafi orðið til fyrr en hann kom inn í eldhúsið rétt áður.

Hvort ákærði ætlaði sér að drepa stúlkuna, verður ekki í ljós leitt, en ákærði segist sjálfur ekki hafa gert sér grein fyrir því.

Samkvæmt venjulegum skilningi á hugtakinu ásetningur verður talið, að í slíku tilfalli, sem hér átti sér stað, nægi það til ásetnings, að ákærða mátti vera það ljóst, að það að skjóta af byssu á stúlkuna gat leitt til dauða hennar.

Verður því að telja, að ákærði hafi með atferli sínu gerzt brotlegur við 211. gr. almennra hegningarlaga.

Um sakhæfi ákærða segir m. a. svo í skýrslu dr. Helga Tómassonar yfirlæknir: „Almenn taugakerfissrannsókn er eðlileg, einkanlega skal tekið fram, að ekki eru neinir Keith-Flachs hringir í augunum né önnur einkenni, sem bent gætu til svonefndrar „hepato-lentikular degeneration“ (Wilsons sjúkdóm). Álit mitt á Sigurbirni Inga Þorvaldssyni er þetta: Hann er hvorki fáviti né geðveill í venjulegum skilningi, en haldinn tímabundinni drykkjusýki — dipsomani. Hann hefur vefrænan taugasjúkdóm.“

Síðar í sömu skýrslu segir: „Við langa athugun á geðspítala koma engin geðveikiseinkenni fram hjá honum, en 5 sinnum má telja, að um nokkrar geðlagssveiflur hjá honum hafi verið að ræða, svipaðar þeim, sem koma fram hjá periodisk drykkjusjúkum mönnum — sveiflum, sem, ef hann hefði verið utan spítala, sennilega hefðu valdið því, að hann hefði farið að neyta áfengis.“ Enn fremur: „Maðurinn virðist fyllilega vita, hvað honum hefur orðið á og skilja viðbrögð þjóðfélagsins.“

Wilsons sjúkdómur mun einkum hafa áhrif á ósjálfráða taugakerfið.

Dipsomani er áfengisþorsti með vissu millibili, en ekki þar með sagt, að viðbrögð sjúklingsins við áfengisneyzlu verði annarleg.

Ekki eru leiddar líkur að því, að hinn vefræni taugasjúkdómur hafi áhrif á sakhæfi ákærða. Ákærði verður því að teljast sakhæfur. Þrátt fyrir ummæli ákærða verður talið með tilliti til framburðar vitna og niðurstöður blóðrannsóknar, að hann hafi verið lítið eða ekkert undir áfengisáhrimum, er hann framdi afbrotið, og af framburði vitna verður ekki séð, að hann hafi borið nein

merki geðshræringar né ójafnvægis. Almenn refsilækkunarskilyrði virðast ekki fyrir hendi.

Hins vegar er ljóst, að ákærði var haldinn megnri afbrýðisemi, hafði verið undanfarna daga undir áfengisáhrifum og var haldinn langvarandi svefnleysi, og má ætla, að það hafi valdið sljóleika, og verður við ákvörðun refsingar höfð hliðsjón af því.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 12 ár.

Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga ber gæzluvarðhaldsvist ákærða frá 6. janúar s.l. að koma með fullri dagatölu til frádráttar refsingu hans.

Samkvæmt 68. gr. 3. mgr. almennra hegningarlaga ber að svipta ákærða kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs verjanda, Egils Sigurgeirssonar hrl., skipaðs sækjanda, Loga Einarssonar hdl., kr. 3.500.00 til hvors.

Enginn óeðlilegur dráttur hefur orðið á rekstri máls þessa.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurbjörn Ingi Þorvaldsson, sæti fangelsi í 12 ár. Gæzluvarðhaldsvist hans frá 6. janúar s.l. komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingu hans.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs verjanda, Egils Sigurgeirssonar hrl., og skipaðs sækjanda, Loga Einarssonar hdl., kr. 3.500.00 til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.